

Nefndasvið Alþingis
Félags- og tryggingarmálanefnd
b/t Hildar Evu Sigurðardóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. nóvember 2010.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum. (100. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér útvíkkaðar heimildir íbúðaláanasjóðs vegna kaupleigu og lánsheimilda.

Ofangreint frumvarp var lagt fyrir að mestu leyti eins og það kemur fyrir núna á síðast löggjafarþingi. Viðskiptaráð Íslands veitti umsögn um málið á þeim tíma og verður hér stuðst við þá umfjöllun sem kom fram þar.

Það frumvarp sem hér um ræðir leggur til nokkrar viðbætur við þær heimildir sem íbúðaláanasjóður hefur nú þegar, en hugmyndin að baki þessum breytingum er að aðlagt starfsemi ÍLS því umhverfi sem er á húsnæðismarkaði í kjölfar hruns bankakerfisins. Þær tillögur sem frumvarpið felur í sér eru þrípættar; í fyrsta lagi er lögð til heimild til að leigja með kauprétti þær íbúðir sem íbúðaláanasjóður hefur leyst til sín, í annan stað er um að ræða heimild til gefa út óverðtryggða skuldabréfaflokka og í þriðja lagi að víkkaðar verði heimildir sjóðsins til að veita lán til endurbóta.

Viðskiptaráð gerir ekki miklar athugasemdir við ofangreint frumvarp, að mörgu leyti er hér verið svara ákveðinni þörf sem hefur skapast vegna niðurskurðar og efnahagslægðar. Með bráðabirgðaákvæði um framkvæmdarlán til einstaklinga eða fyrirtækja vegna endurbóta á húsnæði til að auka aðgengi aldraðra eða fatlaðra er verið að mæta niðurskurði á framkvæmdum á sérhönnuðu húsnæði fyrir þessa hópa. Tímabundið úrræði sem þetta er af hinu góða þar sem hér er verið að nýta húsnæði sem er til staðar og bæta það eftir þörfum.

Lítill hreyfing er á fasteignamarkaði og hefur verið í lágmarki frá hruni. Á sama tíma hafa lánveitendur leyst til sín íbúðir vegna vanskila lántakenda og sjá því fram á að sitja uppi með nokkurn magn húsnæðis til skemmri eða lengri tíma. Á sama tíma og lítil hreyfing er á fasteignamarkaði hefur leigumarkaður í landinu blómstrað, virðist sem svo að einstaklingar og fjölskyldur sjá hag sinn í leigu á íbúðarhúsnæði umfram kaup eins og staðan er á efnahagskerfinu. Til að mæta bæði aukinni eftirspurn á leiguþúsnæði og því vandamáli sem blasir við íbúðarláanasjóði með innleystum illseljanlegum íbúðum hefur áðurnefnt ákvæði verið lagt fram.

Athugasemd verður þó að gera við innreið íbúðaláanasjóðs á leigumarkað líkt og ákvæðið felur í sér. Þær forsendur sem eru að baki kaupleigu á þessum tilteknum íbúðum sem um ræðir er skiljanlegur á þeim tínum sem nú ríkja. Hins vegar telur undirrituð að í því ljósi ætti hér að vera um tímabundna heimild að ræða en það ber frumvarpið ekki með sér. Í lögum um húsnæðismál kemur fram að íbúðaláanasjóður er láanasjóður og skuli lána til íbúðakaupa, nýbyggjingu eða endurbóta íbúðarhúsnæðis. Skýrt er því að tilgangur sjóðsins er að vera láanasjóður en ekki leigumiðlari. Ef farið verður út í slíkar aðgerðir sem

ofangreint frumvarp leggur til er eðlilegt að um tímabundnar aðgerðir sé að ræða þar til auknar hreyfingar verða á ný á fasteignamarkaði.

Þær lagfæringar ætti því að gera á ofangreindu frumvarpi að ákvæðið sé aðeins tímabundið og ákveðið viðmið verði sett um þann tíma sem því er ætlað að ná til. Má þannig áætla ákveðinn tíma til að losa um þær íbúðir sem ekki eru seljanlegar eins og staðan er í dag. Einnig mætti skoða þann kost að selja viðkomandi íbúðir til fyrirtækja sem hafa undir höndum leigumiðlun, þannig mætti losna við íbúðirnar og þá kvöð sem þeim fylgir fyrir sjóðinn. Þessa kosti mætti einnig skoða samhlíða, þ.e. að tímabundin heimild til leigu með kauprétti og að því loknu selja þær íbúðir sem eftir standa til leigumiðlara. Ákvæði sem þetta verður í það minnsta að taka tillit til þróunar á fasteignamarkaði og fylgja því en ekki vera varanleg innganga íbúðalánasjóðs inn á leigumarkað.

Einnig verður að gera athugasemd við framsetningu þess ákvæðis sem mælir fyrir um kauprétt, en ákvæðið gerir ráð fyrir að nánari útfærsla á reglum er varða kaupleigu verði sett í reglugerð. Ákvæðið sjálft kveður aðeins á um heimild til handa sjóðnum að bjóða íbúðir til leigu með kauprétti sem hann hefur leyst til sín. Það verður að teljast eðlilegt að frekari útlistun á slíkri heimild sé sett fram í lögum og samþykkt af Alþingi en ekki ákveðin af ráðherra. Þættir eins og skilyrði fyrir leigu og kauprétti, forgangur fyrri eigenda, hlutafall leigu upp í kaupverð o.b.h. ætti að vera útfært að löggjafanum í viðkomandi lögum, með því er hugsanlegum leigjendum fyllilega ljóst hver þeirra réttur er og hvaða reglur gildir um samninga þeirra við sjóðinn.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga að teknu tilliti til ofangreindra athugasemda.

Virðingarfyllst,



Pórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands